



Jöklarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 38

Apríl 1992

VORFUNDUR

Vorfundur félagsins verður haldinn í Lindey á neðstu hæð á Hótel Esju, þriðjudaginn 28. apríl kl. 20:30.

Dagskrá:

1. Ofkæling. *Björgvin Richardsson líffræðingur* segir frá áhrifum ofkælingar á mannslíkamann og sýnir myndband.
2. Kaffidrykkja og kökuát.
3. Köldukvíslarjökull hlaupinn. *Björgvin Richardsson* sýnir myndband af framhlaupi Köldukvíslarjökuls.

VORFUNDUR

Vorfundur félagsins verður haldinn þriðjudaginn 28. n.k. Þar talar Björgvin Richardsson, samstarfsmaður Jóhanns Axelsonar prófessors, um áhrif ofskælingar á mannslískamann og sýnir myndband sem áhugahópur um ofskælingu hefur gert.

Miklu máli skiptir fyrir þá sem ferðast á sjó og um hálandið að þekkja til ofskælingar og hvernig menn bregðast við henni. Um þetta vitna mörg tilvik til sjós og lands eins og kunnugt er af fréttum. Ofskæling mannslískamans hefur verið rannsökuð talsvert hérlandis enda óvfða sem mönnum er eins hætt við að ofskælast og einmitt á Íslandi. Björgvin Richardsson er einn þeirra sem stundað hefur þetta svið og tekið þátt í að kynna niðurstöðurnar.

Eftir kaffihlé verður Björgvin Richardsson aftur á dagskrá og nú með myndband sem tekið var í byrjun apríl 1992 af jaðri Koldukvíslarjökuls í framhlaupi. Sömuleiðis verða sýndar nokkrar litskyggjur þaðan ef þær verða komnar fram í tæka tíð.

Koldukvíslarjökull er einn þessara framhlaupsjökla sem ekki skeyta um veðurfar þegar þeir ákveða hvort jökuljaðarinn færist fram. Í mars s.l. veittu Ástvaldur Guðmundsson og félagar því athygli að jökkullinn austur af Hamrinum var óvenju sprunginn svo að þeir komust ekki venjulega leið niður á Koldukvíslarjökul heldur þurftu að krækja drjúgan spotta norður fyrir til að finna hreina leið. Jaðar jöklusins í Hamarskrikum reyndist svo vera mjög sprunginn og bólginne eins og Skeiðarárjökull s.l. sumar.

Þess má geta hér í framhjáhlaupi að grunur leikur á að Pjórsárjökull sé einnig hlaupinn fram.

AÐALFUNDUR JÖRFÍ 1992

Aðalfundur Jöklarannsóknafélags Íslands var haldinn 25. febrúar 1992 á Hótel Lind að venju.

Að tillögu valnefndar var Stefán Bjarnason kosinn heiðursfélagi fyrir langt og dyggilegt starf í þágu félagsins.

Stjórn Jöklarannsóknafélags Íslands

Helgi Björnsson formaður kosinn 1992 til 3 ára

Sveinbjörn Björnsson varaformaður kosinn 1991 til 2 ára

Oddur Sigurðsson ritari kosinn 1991 til 2 ára

Jón E. Ísdal gjaldkeri kosinn 1992 til 2 ára

Stefán Bjarnason meðstjórnandi kosinn 1992 til 2 ára.

Varastjórn Jöklarannsóknafélags Íslands

1. Einar Gunnlaugsson 2. Hannes Haraldsson

3. Jón Sveinsson 4. Ástvaldur Guðmundsson

Nefndaskipan er sem hér segir:

- Rannsóknaneftnd: Helgi Björnsson formaður, Hannes Haraldsson, Jón Sveinsson, Magnús Már Magnússon og Oddur Sigurðsson.
- Skálanefnd: Stefán Bjarnason formaður, Ástvaldur Guðmundsson, Guðlaugur Þórðarson, Jón Ísdal, Sverrir Hilmarsson, Alexander Ingimarsson og Pétur Þorleifsson.
- Blanefnd: Halldór Gíslason yngri formaður, Hafliði Bárður Harðarson, Árni Páll Árnason og Þorsteinn Jónsson.
- Ferðanefnd: Ástvaldur Guðmundsson formaður, Halldór Gíslason yngri, Hannes Haraldsson og Soffía Vernharðdóttir.
- Skemmtineftnd: Halldór Gíslason yngri, Gestur Ásólfsson og fulltrúi Kvenfélags Grímsvatnahrepps.

- Ritnefnd Jökuls: Helgi Björnsson, Leó Kristjánsson og Bryndís Brandsdóttir.
- Valnefnd: Gunnar Guðmundsson var endurkjörinn til 3 ára en áfram sitja Sigurjón Rist 1 ár í viðbót og Sveinbjörn Björnsson í 2 ár enn.

Undir liðnum „önnur mál“ var rætt um leigu félagsins á húsnæði í nýju húsi Ferðafélags Íslands. Auk þess reifaði Ari Trausti Guðmundsson hugmynd að stofnun jöklamyndasafns og var því vísað til stjórnar.

VORFERÐ

ENN VERÐUR HALDIÐ Í VORFERÐ Á GRÍMSFJALLI. TIL STENDUR AÐ:

- Mæla vatnsborðshæð í Vötnunum.
- Mæla 10 km langt snið NA úr Vötnunum
- Finna með íssjá hvar íshellan fer á flot einkum við norðan- og austanverð Vötnin.
- Bora gegn um íshelluna með bræðslubor (jafnvel á tveim stöðum), mæla hita og dýpi og taka vatnssýni.
- Koma fyrir þrýstiskynjara á vatnsbotni með skráningu uppi á íshellunni.
- Auka ákomumælingar með (kjarna-)snjóbor. Jafnframt lesa leysingu af mastrinu á íshellunni og jafnvel koma fyrir stöngum til að mæla leysingu víðar.
- Koma fyrir landmælingapunktum á Grímsfjalli.
- Ganga frá undirstöðum geymslu og náðhúss á Grímsfjalli.

ÁRAMÓT Í JÖKULHEIMUM

Það var seinnipart föstudagsins 27. desember er við lögðum af stað á fimm bslum inn í Jökulheima en þar átti sfsan að athuga með áframhaldandi ferðalag á Grímsfjall. Ferðin gekk seint vegna mikils krapa sem alls staðar leyndist. Oft krafðist það mikillar spilvinnu að ná bslunum upp úr sumum pyttunum.

Milli fjölgur og fimm aðfaranótt laugardags var ákveðið að stoppa og leggja sig vegna slæms skyggnis og sjá hvort að veðrið lægði ekki. Þá voru eftir um 1200 metrar í skiltið við Veiðavatna afleggjara. Þegar menn vöknudu um 10 leytíð hafði veður og skyggni lagast mikið og var þá ferðalaginu haldið áfram. Það var svo um fimm leytíð á laugardeginum sem komið var inn í Jökulheima. Þar var ákveðið að eyða nótturni fá sér vel að borða og hafa það gott.

Daginn eftir ákváðu áhafnirnar á þremur bslum að halda af stað í bæinn til að ná þangað fyrir áramót. Þegar þau voru farin ákváðum við fjölgur sem eftir vorum að keyra inn að Tungná og athuga aðstæður, án reyndist vera vel frosin og á henni þykkur fs. Þegar við vorum komin að ánni sáum við eftir því að hafa ekki tekið farangurinn okkar með okkur svo við hefðum getað haldið áfram, en þá var farið að lfsa á kvöld og veður með ágætum. Við ákváðum að fara til baka inn í Jökulheima og leggja okkur og taka næsta dag snemma og bruna á Grímsfjall. En veðrið er fíjótt að breytast, ég rumskaði um nótina við það að hann var skollinn á með mikilli rigningu og hvassviðri, það sama var upp á teningnum þegar við vöknudum um morguninn, en það var ekki fyrir en um hádegisibilið sem stytти upp. Þá hafði mest allan snjó tekið upp og eða hann hafði breyst í stöðuvötn. Við sáum fram á að það væri ekki um annað að ræða en hafa það huggulegt í Jökulheimum uns hann kólnaði eitthvað í veðri.

Mánudagur fór mest í almenna hvíld og á þriðjudag, gamliársdag voru gerðar allnokkrar tilraunir til að ná útsendingu rkf-issjónvarpsins, það tókst þó ekki, en hins vegar náðust útsend-

ingar fjölda erlendra útvarpsstöðva. Á gamlárskvöld var borð-
aður hátíðarmatur og á miðnætti var gamla árið kvatt.

Að morgni nýjársdags var lagt af stað til byggða, færðin
hafði versnað og krapinn aukist þrátt fyrir að kólnað hefði í
veðri. Klukkan tíu um nóttina náðist loks annar bflinn upp úr
einum krapapyttinum þar sem hann hafði verið síðan tvö um
daginn, ekki langt frá Pröskuldinum. Fengum við þá nokkra fé-
laga okkar til að koma á móti okkur vegna þess hve ferðin gekk
seint. Við hittum þá síðan við Veiðivatnaafleggjarann um sjö
leytið að morgni fimmtudags og kom hópurinn til Reykjavíkur
um og eftir hádegið.

Árni Páll Árnason

FÉLAGSGJÖLD

Nokkuð er um að menn hafi ekki greitt félagsgjöld fyrir
1990. Verið er að ganga frá útsendingu gríroseðla fyrir 1991 og
geta skuldugir félagar átt von á að vera strikaðir út af félaga-
skrá.

SKÁLAGJÖLD

Stjórn félagsins ákvað að gisting í skálum félagsins skuli vera 650 kr. á nöttina í læstu skálunum á Grímsfjalli og í Jökulheimum. Í öðrum skálum félagsins kostar gistenóttin 450 kr. Auglýsum við hér enn trúnaðarmenn félagsins, sem haf lykla-völd á læstum skálum.

Stefán Bjarnason
Hæðargarði 54
Reykjavík
hs. 91-37392 vs. 91-686125

Vilhelm Á. Ágústsson
Stóramerði 16
Akureyri
s. 96-23900

Guðmundur Máríusson
Útgarði
Varmahlíð
s. 95-6127

Völundur Jóhannesson
Fjarðarhlíð 5
Egilsstöðum
s. 97-11315

Birkir Fanndal
Skúthrauni 14
Reykjahlíð
s. 96-44188

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík /Ábm. Oddur Sigurðsson